

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 25. maí 1950.

Steingrímur Steinþórsson.

Jón Pálmason.

Þórður Eyjólfsson.

(L. S.)

Hermann Jónasson.

L Ö G

um bráðabirgðabreyting á lögum nr. 56/1927, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús, o. fl.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

6. gr. laganna orðist svo:

Skemmtanaskatti þeim, sem innheimtur er samkvæmt lögum þessum og viðaukum við þau, skal varið þannig:

- a. 25% skattsins renni í rekstrarsjóð þjóðleikhússins, og skal honum varið samkvæmt ákvæðum laga nr. 86/1947, um þjóðleikhús.
- b. 32% skattsins renni í þjóðleikhússjóð, til að ljúka byggingu þjóðleikhússins.
- c. 35% skattsins renni í félagsheimilassjóð, og skal honum varið eftir því sem fyrir er mælt í lögum nr. 77/1947, um félagsheimili.
- d. 8% skattsins renni til lestrarfélaga og til kaupa á kennslukvikmyndum. Skal ½ hluti þess fjár renna í styrktarsjóð lestrarfélaga, en ½ til kennslukvikmynda-safns.

2. gr.

Heimilt er ríkisstjórninni að innheimta skemmtanaskatt samkvæmt lögum nr. 56/1927 og viðaukum við þau með 10% álagi, er renni í byggingarsjóð þjóðleikhússins, þangað til byggingin er að fullu greidd.

3. gr.

Hagnaður viðtækjaverzlunar ríkisins árin 1950, 1951 og 1952 skal renna í byggingarsjóð þjóðleikhússins. Um sama tíma frestast framkvæmd síðari málsgreinar 14. gr. l. nr. 68/1934, um útvarpsrekstur ríkisins.

4. gr.

Byggingarnefnd þjóðleikhússins er heimilt með samþykki ráðherra að taka lán til að ljúka byggingu þjóðleikhússins, enda skal lánið endurgreitt af tekjum þjóðleikhússins.

65

25. maí

5. gr.

Lög þessi gilda frá og með 1. júní 1950 og þangað til byggingarskuld sú, er á þjóðleikhúsinu hvílir nú, er að fullu greidd. Um sama tíma skal frestað framkvæmd laga nr. 85/1947. Frá 1. júní 1950 eru úr gildi numin lög nr. 53/1949.

Gjört í Reykjavík, 25. maí 1950.

Steingrímur Steinþórsson.

Jón Pálmason.

Þórður Eyjólfsson.

(L. S.)

Björn Ólafsson.

66

31. maí

BRÁÐABIRGÐALÖG

um framkvæmd á viðskiptasamningi við Pólland.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Viðskiptamálaráðherra hefur tjáð oss, að brýna nauðsyn beri til að gefa út lög um framkvæmd viðskiptasamninga við Pólland, sem undirritaðir voru 14. júní 1948 og 7. apríl 1949.

Bráðabirgðalög um þetta efni, sem sett voru 28. október 1949, hlutu ekki fullnaðarafgreiðslu á nýloknu Alþingi. Sökum þess að útflutningi til Póllands samkvæmt samningum þessum var lokið áður en gengi íslenzkrar krónu var lækkað í marzmánuði s. l., en innflutningi ólokið enn þá, er enn óráðstafað talsverðum fjárhæðum, sem verja ber til vörukaupa í Póllandi. Til þess að raska ekki grundvelli viðskiptanna við Pólland og halda sölugengi dollars í viðskiptum við það land samkvæmt fyrrgreindum samningum óbreyttum, telur ríkisstjórnin brýna nauðsyn bera til að gefa út bráðabirgðalög samkvæmt heimild í 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Úr verðjöfnunarsjóði Póllandsviðskipta skal greiða til að lækka verð á dollurum til kaupa á vörum og til greiðslu á þjónustu samkvæmt viðskiptasamningi milli Íslands og Póllands, undirrituðum 14. júní 1948, og viðbótarsamningi undirrituðum 7. apríl 1949, kr. 979.98 á hverja 100 dollara frá skráðu sölugengi Bandaríkja-gjaldeyris, sem nú er kr. 1632.00 miðað við 100 dollara. Jafnframt skal gengishagnaður á inneign Landsbanka Íslands, sem myndaðist við gengislækkunina í marz 1950, vegna fyrrnefndra samninga, renna í verðjöfnunarsjóð Póllandsviðskipta.

Komi í ljós, að endurgreiða þurfi að einhverju leyti andvirði vara sem fluttar hafa verið út til Póllands samkvæmt fyrrnefndum samningum, svo sem vegna skemmda eða af öðrum ástæðum, skal verja fé úr verðjöfnunarsjóði Póllandsviðskipta til að lækka sölugengi þeirra dollara, sem til endurgreiðslu þarf, um kr. 979.98 á hverja 100 dollara, frá skráðu sölugengi Bandaríkjadollarans.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

2. gr.

Gjört í Reykjavík, 31. maí 1950.

Steingrímur Steinþórsson.

Jón Pálmason.

Þórður Eyjólfsson.

(L. S.)

Björn Ólafsson.